

60.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

60.stjórnarfundur Kraftlyftingasamband Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 13.janúar 2016 og hófst kl. 17.30. Mættir voru: Sigurjón Pétursson, Sturla Ólafsson, Kári Rafn Karlsson, Gry Ek og Ása Ólafsdóttir

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. RIG undirbúningur
Undirbúningur gengur vel en nokkrir endar eru lausir.
Sigurjón athugar með auglýsingasölu. Sturla skoðar nánar útfærslu á ljósabúnað. Kári kaupir 20 miða á bankettinn.
3. EM í bekkpressu 2016.
Stjórnin lét bóka umboð til Sigurjóns og Sturlu að skrifa undir samninga í nafni sambandsins vegna framkvæmd mótsins.
4. Landsliðsmál
Upplýst var að vonum frammar hafi gengið að ganga frá landsliðssamningum og vel heppnaður fundur hafi verið haldinn með landsliðsmönnum. Í fyrsta sinn eru allir samningar klárir fyrir miðjan janúar. Eftir er að yfirfara samningana og ganga endanlega frá þeim.
5. Úthlutun úr afrekssjóði
Afrekssjóður ÍSÍ hefur úthlutað samtals 5.750.000 kr til sambandsins vegna landsliðsverkefna og vegna fjögurra afreksmanna.
Kári mun fara til fundar með starfsmanni sjóðsins og fara yfir formsatriði.
Upplýst var að sambandið hafi fengið hrós frá afrekssjóði vegna vel unninna umsókna og skila og þakkaði stjórnin Kára sérstaklega.
6. Val á íþróttamenn ársins 2015
Bókað var að íþróttamenn ársins 2015 í karla- og kvennaflokki voru valin Viktor Samúelsson KFA og Fanney Hauksdóttir, Gróttu.
Stjórnin ákvað þetta í tölvupósti og hafa þau fengið afhent viðurkenningar.
7. Mótamál.
Stjórnin samþykkti tillögu mótanefndar um að færa ÍM í bekkpressu og klassískri bekkpressu til laugardagsins 2.apríl.
Sömuleiðis var ákveðið að byrjendamót/lágmarksmót muni fara fram 5.mars
8. Stofnun þjálfararáðs
Málið rætt. Frestað til næsta fundar.
9. Drög að ársuppgjöri lögð fram
10. Bréf
Erindi hefur borist frá formanni KFA. Erindið var lagt fram, stjórnarmenn lesi og málið tekið fyrir á næsta fundi.

Bréf hefur borist frá Alex O. Cambrey f.h. KFA. Málið var rætt, og fjallað um hvernig bregðast mætti við því, í ljósi samþykktar formannafundar frá september sl. um heimild stjórnar til að fresta ársþingi. Ákveðið að vinna að málinu utan fundar og boða fljótlega til annars fundar til afgreiðslu þess, og hraða boðun til ársþings eins og kostur er en innan ramma laga sambandsins.

60.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands

11. Önnur mál
Í ljós hefur komið að félagsþjálfari hafi gengið fram hjá sambandinu og reynt að skrá keppanda á alþjóðamót með mjög ámælisverðum hætti. Stjórn ræddi málið. Ákveðið að vinna að málinu utan fundar, og meta hvort rétt sé að leggja fram kæru til aganefndar vegna þessa.

Skuldir við KRAFT. Í reglugerð segir að félög hafi ekki keppnisrétt nema vera skuldlaus við sambandið. Ákveðið að fylgja þessu ákvæði eftir á þessu keppnistímabili.
Kári tekur saman hvaða félög eiga hér í hlut.
12. Ekkert fleira gert. Fundi slitið 20.00
Fundarritari Gry Ek